



23. fundur stýrihóps um styttingu vinnuvikunnar haldinn þann 9. júní 2021 í fjarfundabúnaðinum Teams. Fundurinn hófst kl. 11:00 og lauk kl. 12:05.

Viðstödd fundinn:

- Steinar Adolfsson sviðsstjóri
- Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri,
- Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri,
- Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri,
- Ásdís Gunnarsdóttir, deildarstjóri launa, er í veikindaleyfi til og með 7. júlí
- Laufey Jónsdóttir verkefnastjóri,
- Harpa Hallsdóttir mannauðsstjóri, boðaði forföll vegna annarra verkefna
- Gunnhildur Vala Valsdóttir forstöðumaður búsetuþjónustu, boðaði forföll vegna annarra verkefna
- Flosi Einarsson aðstoðarskólastjóri, boðaði forföll vegna annarra verkefna

Dagskrá:

1. Endurskoðun erindisbréf stýrihópsins.

Endurbætt erindisbréf m.a. með framlengingu á starfstíma hópsins til 31. desember 2021 var samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 8. júní síðastliðinn.

Ákveðið á fundi stýrihópsins að bæta við fulltrúa leikskólanna í hópinn en fundarmenn telja mikilvægt að sjónarmið þeirrar starfsemi komi fram á þessum vettvangi, m.a. tengt innleiðingu Vinnustundar.

2. Vinnutímasamkomulag á starfsstöðum

Starfsstöðvar sem á eftir að afgreiða:

- **Þorpið** – Hefur skilað inn upplýsingum.

Ekki hefur orðið af fyrirhuguðum fundi fulltrúa stýrihópsins (SA/HH/VJ) með forstöðumanni Þorpsins en stefnt að því að ljúka því fyrir næsta fund stýrihópsins.

HH boðar fundinn.

Á eftir að afgreiða.

- **Fjöliðjan** – Hefur skilað inn upplýsingum

SH hefur óskað eftir að HH og SA fundi með SH og forstöðumanni Fjöliðjunnar (GPJ) vegna fyrirkomulags er varða stjórnendur sem SH telur að betur þurfi að fara yfir áður en fyrirkomulagið er þá varðar er afgreitt af stýrihópnum.

Ekki hefur orðið af fyrirhuguðum fundi (SH/SA/HH/GPJ) og S fylgir málinu eftir m.t.t. boðunar.

Á eftir að afgreiða



- **Bókasafn Akraness**

Stýrihópur vísar málinu til miðlægrar vinnutímanefndar, samkvæmt fylgiskjali 2.

Erindið er tilbúið og er til yfirlestrar hjá SAS/HH/ÁG.

Á eftir að afgreiða.

- 3. **Vaktavinnuhópar hjá Akraneskaupstað**

Innleiðing breytts vinnutímafyrirkomulags hjá vaktavinnustöðum var þann 1. maí sl. og nú hefur fyrsta útborgun farið fram. Stefnt er að því að kostnaðargreina sem fyrst áhrifin en það kann að vera erfiðleikum bundið vegna veikinda í launadeild og að framundan er orlofstaka hjá starfsfólki miðlægra eininga. Reynt verður eftir bestu getu að ná skýrri yfirsýn sem fyrst.

- 4. **Innleiðing Vinnustundar**

Ákveðið að senda könnun á forstöðumenn um stöðu innleiðingarinnar og hvar helst „kreppi skóinn“ og bæta megi úr.

Dæmi um spurningar sem gætu verið í könnuninni:

- Hver er upplifun forstöðumanna á stöðu innleiðingarinnar?
- Eru innstimplunarmöguleikar starfsmanna fullnægjandi?
- Er þekking þekking forstöðumann og starfsmanna á sjálfsþjónustuþætti kerfisins fullnægjandi?
- Er þörf á frekari valdeflingu starfsmanna og millistjórnenda þannig að skil til launadeildar gangi greiðlega fyrir sig
- Er þekking forstöðumanna á kostum kerfisins m.t.t. bunkunar fullnægjandi?
- Er þekking á tímamörkum á skilum fullnægjandi (vinnutímabil 15. til 14, gert ráð fyrir skilum til launadeildar eigi síðar en 18. hvers mánaðar.
- Hvernig er unnið með gögn þar sem starfsmenn hefja störf eftir 18. hvers mánaðar?
- Aðrir þættir?

- 5. **Dagvinnustarfsfólk sem hefur einnig vinnuskyldu utan hefðbundins vinnutíma**

Farið yfir fyrirspurn LJ til kjarasviðs Sambandsins þann 5. maí sl. og svar fulltrúa kjarasviðs dags. 7. maí sl. (er vistað undir máli 2009164>Vinnutímasamningar vinnustaða> Stuðnings- og stoðþjónusta, niðurstaða.

Ákveðið að SA/LJ/HH eigi saman vinnufund til að ákveða framhald málsins og SH verður upplýst um framvindu.

- 6. **Endurskoðun fyrirbyggjandi vinnustaðasamkomulaga / samtal stýrihóps við forstöðumenn og fulltrúa starfsmanna (vinnutímanefndir).**

Samtöl eru hafin á vinnustöðunum eftir reynslutíma frá áramótum eða frá þeim tíma sem gildandi fyrirkomulag var tekið upp.

Mikilvægt að eiga samtöl nú í ágúst og verðu það undirbúið í byrjun þess mánaðar en málið tekið upp á forstöðumannafundi núna í júní.



Akraneskaupstaður

7. Önnur mál

Fulltrúar beðnir að hugsa hvernig best sé að hafa fyrirkomulag á fundum haustsins og hversu tíðir þeir eiga að vera.

Ekki frekari umræður á fundinum og honum slitið.

Fundarritun: Steinar Adolfsson